


Verðbólga áfram yfir mörkum

02.9.2021

Þótt almenn bólusetning hafi ekki losað landsmenn við farsóttina hefur hagkerfið tekið vel við sér. Í nýjum Peningamálum frá Seðlabankanum segir að slaki á vinnumarkaði minnki nú hraðar en gert var ráð fyrir í vor. Við spáum því að verðbólga fari heldur vaxandi og neysluverð hækki um 4-5% allt árið




Mynd 1 Spá um hækkun verðlags og launa á einu ári, ágúst 2021.

2021. Ekki eru merki um að úr verðbólgu dragi á komandi ári. Atvinnuleysi hefur fallið að langtímajafnvægi. Það er lægra á sumrin en alla jafna, en hér er því spáð að það haldist á bilinu 3-5% næstu misseri. Spáð er heldur meiri verðbólgu á þessu ári en Seðlabankinn býst við (4,6% frá janúar til janúar á móti tæpum 4% hjá bankanum) og atvinnuleysissspáin fyrir 2021 er heldur lægri en spá bankans (6,0% á móti 6,5%). Seðlabankinn býst síðan við að mjög dragi úr verðbólgu á næsta ári, eins og hann gerir raunar jafnan. Þá gerum við ráð fyrir að nokkuð dragi úr launahækkunum á næstu mánuðum. Líkanið hefur reyndar vanspáð launahækkunum nokkuð samfelt frá í október. Kreppan, sem nú er nýgengin yfir, var sérstök að því leyti kaupmáttur launa óx töluvert meðan á henni stóð. Laun opinberra starfsmanna hækkuðu meira en annarra, en á almennum markaði hækkuðu laun líka hraðar en verðlag. Samið var um mikla hækkun lægstu launa í lífskjarasamningunum vorið 2019, en síðan þá hafa meðallaun hækkað álíka mikið og lágmarkslaun. Þá spáum við því að húsnæðisverð hækki heldur meira en almennt verðlag á næstunni.

Lækkun vaxta var tilraun


Forsenda spárinnar er að meginvextir Seðlabanka fari hækkanði, en næsta vor verði þeir þó enn nokkru lægri en þegar faraldurinn skall á. Þeir verði



Mynd 3. Spá um meginvexti Seðlabanka, ágúst 2021.

2,0% í apríl 2022, eða 0,75% lægri en í byrjun mars 2020, í þann mund sem farsóttin braust út. En þá höfðu meginvextir Seðlabanka lækkað um 1,75% á einu ári (sjá mynd 3). Sú vaxtalækkun var ekki viðbrögð við breyttum efnahagsaðstæðum, nema þá að hluta, heldur fólst í henni stefnubreyting af hálfu bankans. Vextir færðust í átt að því sem gerist í flestum grannlöndum Íslands. Þetta er merkileg tilraun og enn er alveg óvíst hvort hún heppnast. En þótt vextir hafi sjaldan verið lægri en nú mótmæla vinnumarkaðssamtök vaxtahækkunum. Samtök atvinnulífsins segja í

Atvinnuleysi



Mynd 2. Spá um atvinnuleysi, ágúst 2021.

fréttatilkynningu 25. ágúst að ekki sé ljóst hvaða starfsemi Seðlabankinn sé að kæla með því að hækka vexti. Þessi orð má bera saman við fréttir af erfiðleikum fyrirtækja við að ráða starfsfólk. Um miðjan júlí sagði formaður Félags fyrirtækja í hótél- og gistiþjónustu að mannekla væri helsta ástæða þess að hægt gengi að opna hótél í miðborg Reykjavíkur að nýju.¹ Um svipað leyti sagði framkvæmdastjóri verslunarsviðs N1 að ekki væri hægt að fá Íslendinga til starfa eins og vinnumarkaðurinn væri núna.²

¹ Magnús H. Jónsson. (2021, 14. júlí). *Skortur á starfsfólki hægir á opnun hótela*. Fréttablaðið.

² Gunnhildur Sif Oddsdóttir (2021, 21-22. júlí). *Viðskiptavinir kvarta undan erlendum starfsfólki*. Mbl.is.